

Úrskurður nr. 14/2010.

Kærð er sú ákvörðun Tollstjóra sem birt var í úrskurði nr. 21/2010 um höfnun tollfríðindameðferðar fyrir fjóra bifreiðahjólbarða. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu Tollstjóra.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 23. desember 2010, kærir A., úrskurð Tollstjóra nr. 21/2010. Í hinum kærða úrskurði hafnar Tollstjóri tollfríðindameðferð fyrir fjóra bifreiðahjólbarða sem kærandi flutti inn ásamt syni sínum við komu þeirra til landsins frá Bandaríkjunum. Kærandi gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum heimilaður innflutningur á hjólbörðunum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Í hinum kærða úrskurði segir m.a. að þann 18. nóvember 2009 hafi kærandi komið til landsins með flugi nr. FI-630 frá Boston ásamt syni sínum og hafi haft meðferðis fjögur dekk. Á dekkjunum voru farangurslímmiðar sem merktir voru „Hilmansson“ og „CREW“. Við tollafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli hafi kærandi lagt fram reikning að beiðni tollvarðar. Bróðir kæranda, sem var flugmaður vélarinnar sem kærandi kom með í sem farþegi, var skráður kaupandi á reikningnum, en á honum kom fram að um fjögur dekk af gerðinni L2756520E GY WRGATSB var að ræða að verðmæti USD 189,94 auk skatts. Hvert dekk kostaði því u.þ.b. kr. 24.823.- samkvæmt tollgengi dollara var þann 18. nóvember 2009.

Tollstarfsmenn tóku ákvörðun um að aðflutningsgjöld skyldu lögð á vörurnar. Á reikningi Tollstjóra nr. KEF-2209-04295R kemur fram heildartollverð að fjárhæð kr. 106.639.- Veittur var afsláttur í samræmi við tollfríðindi ferðamanna að fjárhæð kr. 32.500.- Tollverð til álagningar aðflutningsgjalda var því kr. 74.139.- og aðflutningsgjöld lögð á í samræmi við það. Álögð gjöld voru almennur tollur í samræmi við tollskrá að fjárhæð kr. 7.414.-, úrvinnslugjald á hjólbarða, 15 kr./kg., að fjárhæð kr. 1.155.- fyrir 77,28 kg, vörugjald, 20 kr./kg, að fjárhæð kr. 1.540.- og virðisaukaskattur, 24,5% að fjárhæð kr. 20.641.- Alls voru því lögð á aðflutningsgjöld að fjárhæð kr. 30.750.- sem kærandi greiddi með kreditkort. Þá segir að kærandi hafi mótmælt ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda með kæru sinni, dags. 16. janúar 2010, sem barst Tollstjóra 1. febrúar 2010.

Með bréfi, dags. 2. júní 2010, fór embætti Tollstjóra fram á frekari upplýsingar og útskýringar varðandi málið. Svar kæranda barst með bréfi dags. 6. júlí 2010. Með bréfi, dags. 23. júlí 2010, var beðið um nánari útskýringar á þeim upplýsingum sem fram komu í svarbréfi kæranda. Svar hans barst með bréfi, dags. 9. ágúst 2010, þar sem kærandi skýrir sinn málstað.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 sé kveðið á um almenna tollskyldu en þar segir að hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum tollalaga er tollskyldur og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá. Í 1. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1088 sé kveðið á um að greiða skuli í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum svo og af innflutningi vöru og þjónustu eins og nánar er ákveðið í lögnum. Í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga er kveðið á um að varningur sem ferðamenn, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, skuli vera tollfrjáls að verðmæti allt að kr. 65.000.-, miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera kr. 32.500.- Börn yngri en 12 ára skulu njóta réttindanna að hálfu. Nánar er kveðið á um undanþágu frá tollskyldu í reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Í 7. gr. reglugerðarinnar komi fram að almennt skilyrði tollfrelsis ferðamanna sé að innflytjandi hafi varninginn í eigin vörslu við komu til landsins og geti þá framvísað honum til tollskoðunar og að varningurinn sé fluttur inn til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur fram að réttindi sem menn eiga skv. kafla um tollfríðindi ferða- og farmanna verði ekki framseld. Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. getur viðkomandi notið undanþágu

og greitt aðflutningsgjöld af þeim verðmætum sem eru umfram þær fjárhæðir sem um greinir í 1. mgr. 2. gr. Í 3. mgr. 8. gr. kemur fram að tveir eða fleiri aðilar geti ekki lagt saman heimildir sínar til tollfríðinda til þess að flytja tollfrjálst inn hlut sem er verðmeiri en um ræðir í 1. mgr. 2. gr.

Ágreiningur snýst um hvort varningur sá sem fluttur var inn uppfyllir ofangreind skilyrði fyrir tollfrelsi. Eins og fram kemur að ofan er um að ræða varning sem ferðamenn, búsettir á Íslandi, hafa með sér auk þess farangurs sem telja má venjulegan fyrir ferðamenn miðað við lengd og tilgang ferðar.

Tollstjóri segir það viðtekna venju hjá embættinu að líta á sett eða heild af hlutum sem eru af sömu gerð og undirtegund, hafa virkni sína sem heild og séu reikningsfærð á eina línu á vörureikningi sem einn hlut. Dekkin sem hér um ræðir séu samkvæmt framlögðum vörureikningi frá fyrirtækinu Sears Auto Center í Saugus, MA í Bandaríkjunum öll af sömu gerð og eru öll færð í sömu línu reikningsins. Á reikningnum komi fram „L2756520E GY WRGATSB,“ stykkjaverð USD 189.94, heildarverð USD 759.76.

Þá liggja fyrir yfirlýsing kæranda að hann hafi ætlað dekkinn til notkunar undir bifreiðina SI 763 sem er af gerðinni Ford F150 Supercrew SS 4X4, sbr. bréf kæranda dags. 9. ágúst s.l. Það sé því ljóst að kærandi keypti dekkinn sem eina heild til notkunar fyrir bifreiðina. Af því leiði að dekkinn voru með réttu tollafgreidd sem ein heild við komu kæranda til landsins. Það sé því aðeins grundvöllur til að heimila nýtingu tollfríðinda ferðamanns fyrir einn aðila við tollafgreiðslu dekkjanna þar sem dekkjasettið telst vera einn hlutur. Hins vegar sé enginn grundvöllur til uppskiptingar heildarverðmætis dekkjanna á milli aðila, eins og kærandi fer fram á að gert sé, til að nýta fleiri en ein réttindi til tollfríðinda ferðamanna, sbr. ákvæði 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Tollstjóri úrskurðaði samkvæmt 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda á fjögur dekk, dags. 18. nóvember 2009, sé staðfest.

Í kærinni kemur fram að kærandi taldi sig vera í góðri trú um að hjólbarðarnir yrðu tollafgreiddir eins og hver annar varningur sem farþegi kemur með sér til landsins. Kærandi vísar til bæklinga sem Tollstjóri dreifir í Leifsstöð og segir að í honum séu tilgreindar flestar ef ekki allar þær reglugerðir sem vitnað sé til í úrskurði Tollstjóra. Hvorki í bæklingnum né í reglugerðunum sjálfum sé að finna athugasemdir um að ákveðinn varningur, sem keyptur sé erlendis af ferðamanni og hann hafi með sér til landsins, hljóti sérstaka tollmeðferð eftir því hvort um sé að ræða fleiri en einn hlut af sömu gerð og mögulega sé hægt að nota þá alla á sama tíma eins og t.d. hjólbarða sem hér um ræði. Alkunna sé að hægt sé að nota tvo hjólbarða undir kerru og upp úr allt eftir því hversu margir hjólbarðar eru undir hverjum bíl fyrir sig.

Um farangursmerkingu hjólbarðana segir í kærinni að það sé viðtekin venja að merkja töskur og varning farþega sem séu að ferðast með áhöfnum á áhafnarmeðlimi ef svo ber undir. Í þessu tilviki hafi ferðataska kæranda einnig verið merkt crew. Svo almennara dæmi sé tekið þá sé það viðtekin venja þegar tveir eða fleiri farþegar séu að skrá sig saman í flug að skrá allar töskur inn á einn farþega. Þetta geti að vísu verið óhentugt ef farangur týnist og eiga við tryggingarfélög um bætur ef farþegar eru ekki innan sömu fjölskyldu og eru t.d. samstarfsfélagar á leið í eða úr vinnuferð.

Þá segir í kærinni að á reikningi sem fylgdi með kærinni komi fram nafn bróður kæranda, sem var flugmaður í þessari ferð, ennfremur heimilsfangið „Hilltop Ave Saugus, MA 12006“ og að síminn þar sé (781)233-2660. Skýring á þessu sé sú að við kaupin hafi kærandi notið aðstoðar bróður síns m.a. með því að fá lánað kreditkort hans. Því sé hans nafn á reikningnum og þá hafi heimilisfang verið fengið að láni með góðfúslegu leyfi viðkomandi til að kaupin gætu gengið eftir.

Kærandi ítrekar að hann sé eigandi hjólbarðanna og hafi verið það alla tíð frá kaupum þeirra. Hann hafi keypt þá til að nota undir bifreið sem hann hafi ætlað að kaupa og þeir verið undir henni í þrjá

mánuði. Kaupin hafi hins vegar gengið til baka þar sem áform um afléttingu myntkörüfuláns af bifreiðinni hafi ekki gengið eftir.

Kærandi segist ekki hafa fundið í þeim reglum sem vitnað hefur verið til í þessu máli þá vinnureglu eða „venju“ sem Tollstjóri segist viðhafa við tollmeðferð hluta, en í forsendum embættis Tollstjóra fyrir hinum kærða úrskurði segir: „Það er viðtekin venja hjá embætti Tollstjóra að líta á sett eða heild af hlutum sem eru af sömu gerð og undirtegund, hafa virkni sína sem heild og eru reikningsfærð á eina línu á vörureikningi sem einn hlut, enda mundi sending sem þessi, flutt á annan hátt, vera felld undir eitt sendingarnúmer og tollafgreidd sem ein heild, sbr. 1. mgr. 35. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ekki er rétt að gera greinarmun á því hvort innflytjandi hefur sendinguna með sér sjálfur eða lætur senda sér hana, hvort sem er með skipi eða flugvél.“ Kærandi segir það vekja hjá sér furðu að tollafgreiðsla skuli vera innt af hendi eftir geðþóttaákvörðun einstaklinga og ekki sé farið eftir gildandi tollalögum. Ef þetta séu þær leikreglur sem ætlast sé til að ferðamenn fari eftir óskar kærandi eftir að fá þær skriflegar til að hann misstígi sig ekki í framtíðinni. Kærandi spyr sig hvort nóg sé að koma með nógu marga reikninga yfir þann varning sem keyptur er erlendis til að komast framhjá þessari vinnureglu Tollstjóra.

Kærandi gerir kröfu um að úrskurður Tollstjóra verði endurskoðaður með tilliti til þess sem fram kemur hér að ofan og með tilliti til gildandi tollalaga.

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 28. desember 2010. Var honum veittur frestur til að skila umsögn um kærana til 20. janúar 2011. Tollstjóri óskaði efir lengri fresti og var hann veittur. Umsögn Tollstjóra barst nefndinni þann 9. febrúar 2011. Þar segir m.a. að eins og fram komi í hinum kærða úrskurði myndi sending með fjórum sams konar hjólbörðum, ætluð sem „sett“ undir bifreið, en flutt á annan hátt, vera felld undir eitt sendingarnúmer og tollafgreidd sem ein heild, sbr. 1. mgr. 35. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. einnig 23. gr. reglugerðar nr. 1100/2006. Hjólbarðarnir voru þannig keyptir sem ein heild til notkunar undir eina tiltekna bifreið. Þó finnast engar upplýsingar í opinberum skráum um eignarhald kæranda á þeirri bifreið sem hann vísar til en það atriði hefur þó ekkert vægi í málinu. Af ofangreindu leiðir, sbr. einkum 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 630/2008, að vörinni sem framvísað er sem einni heild og hefur öll einkenni þess að vera sett samkvæmt skýrum yfirlýsingum kæranda, verður ekki skipt upp þannig að hægt verði að nýta tollfríðindi sonar hans. Ekki er tækt að gera greinarmun við álagningu aðflutningsgjalda á því hvort innflytjandi hafi aðstæður til að hafa sendinguna með sér sjálfur þegar hann ferðast til landsins með flugvél eða láti senda sér hana. Kærandi telur að sama eigi að gilda hér og ef um væri að ræða innflutning af vörum eins og fatnaði. Slíkur samanburður er ekki tækur, enda væri hver flík einn hlutur.

Þá segir í greinargerð Tollstjóra að þær upplýsingar hafi fengist hjá IGS að rétt sé að farangur sé yfirleitt skráður á einn aðila þegar tveir eða fleiri skrá sig saman í flug. Hins vegar sé það ekki algild regla að farþegar sem ferðast með áhafnarmeðlim séu skráðir inn með honum. Í þessu samhengi sé rétt að benda á heimild flugáhafnar til að hafa með sér varning án greiðslu aðflutningsgjalda skv. 5. og 6. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, en þær heimildir hafa önnur takmörk en heimildir ferðamanna. Þessi rök kæranda hafa þó takmarkaða þýðingu, þar sem niðurstaða úrskurðarins byggir ekki á því hverjum dekkinn tilheyrðu. Hið sama gildir um staðhæfingu hans varðandi notkun á dekkjunum, en þó skal áréttað að kærandi hefur engin gögn lagt fram sem stutt gætu fullyrðingu hans um að hafa keypt bifreiðina og að kaup á henni hafi gengið til baka. Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá Umferðarstofu hefur kærandi hvorki verið skráður eigandi eða umráðamaður ökutækisins en hann heldur því þó fram að hafa haft umráð yfir henni í þrjá mánuði. Tilkynningu um eigendaskipti skal framvísa hjá Umferðarstofu eða á skoðunarstöð innan 7 daga frá því að eigendaskipti áttu sér stað, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja með síðari breytingum.

Tollstjóri vísar til hins kærða úrskurðar og krefst þess að hann verði staðfestur.

Greinargerð Tollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 9. febrúar 2011. Í svari sem barst nefndinni þann 22. s.m. segir m.a. að allir viti að hjólbarðar séu seldir í stykkjatali en ekki setti nema um sérstakt tilboð sé að ræða. Það hafi ekki verið í því tilfelli sem hér er til umfjöllunar. Það komi glögglega fram á nóttunni sem framvísað var við tollafgreiðslu vörunnar. Kærandi hafði sambandi við þann aðila sem seldi honum hjólbarðana eftir heimkomuna og fékk frá honum fjóra reikninga þar sem einn hjólbarði var reikningsfærður á hvern reikning. Ástæðan fyrir þessari beiðni kæranda var sú að við tollafgreiðslu vörunnar í Keflavík var honum sagt að til þess að hann og sonur gætu nýtt sér tollfríðindi þeirra þyrftu þeir að framvísa einum reikningi fyrir hvern hjólbarða. Kærandi kveðst hafa bent á að á reikningi þeim sem hann framvísaði við tollafgreiðsluna hafi komið fram einingaverð hvers stykkis fyrir sig. Það hafi ekki borið neinn árangur, varningurinn skipti ekki máli heldur að vera með nógu marga reikninga. Hann hafi ekki fengið neinar haldbærar skýringar á þessu en greinilegt sé að það sem skipti máli sé að hafa nógu marga reikninga og þess vegna hafi hann haft samband við seljanda vörunnar og fengið hjá honum fjóra reikninga einn fyrir hvern hjólbarða það hafi ekki verið neitt mál að fá það.

Kærandi fær ekki séð að eignarhald hans á nefndri bifreið skipti máli þó tollstjóri telji svo vera. Þá fær kærandi ekki sé að 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 630/2008 eigi við í þessu tilfelli, hvað þá allt tal um sett og að ekki sé hægt að skipta upp vörunni. Kærandi bendir á að verið sé að fjalla um fjögur vel aðgreind stykki sem hægt sé að kaupa í hvaða magni sem er óháð því hvað hver og einn ætlar að nota vöruna.

Kærandi segir að hann og sonur hans hafi verið ferðamenn sem hafi komið með farangur. Þeir séu ekki innflytjendur með sendingu eins og verið sé að halda fram í málabúnaði Tollstjóra. Það sé gerður stór greinarmunur á því hvernig eigi að meðhöndla varning eftir því hvernig hann komi inn í landið sbr. reglugerð 630/2008 sem taki m.a. á tollfríðindum ferðamanna.

Þá segir að merking farangurs þeirra hafi verið skýrð á fyrri stigum málsins og þar hafi komið fram hjá IGS í Keflavík, að farþegar sem ferðist með áhafnarmeðlim, séu í sumum tilfellum skráðir inn með honum. Enda geti það ekki skipt öllu máli, heldur hitt hvaða varning ferðamaður hefur í fórum sínum og framvísi við komu til landsins.

Að lokum segir í greinargerð kæranda að hann geti hvergi séð í tollalögum að hjólbarðar séu einhver vandræðavarningur, sem skuli meðhöndla á sérstakan hátt. Þessir hjólbarðar hafi verið keyptir og fluttir til landsins til nota fyrir kæranda og fjölskyldu hans.

Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Svo sem rakið er hér að fram er deilt er um tollmeðferð á fjórum hjólbörðum sem kærandi kom með til landsins sem ferðamaður. Kærandi telur að hann hafi uppfyllt skilyrði reglugerðar nr. 630/2008 um tollfríðindi ferðamanna. Hann hafi ferðast með syni sínum og þeir hafi skv. ákvæðum reglugerðarinnar haft heimild til að flytja tollfrjálst með sér til landsins varning að verðmæti allt að kr. 130.000. Þá hafi hvert dekk verið að andvirði kr. 24.823.- og því undir verðmætamörkum. Tollstjóri hafnar þessum skilningi kæranda og telur þessa vöru eina sendingu þar sem á framvísuðum reikningi sé hún gjaldfærð á einu verði og skuli því meðhöndlust sem slík.

Það er meginregla að innflutningur á vöru er tollskyldur. sbr. 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 en þar segir að greiða skuli toll af innfluttri vöru nema annað sé tekið fram í tollskrá. Tollfríðindi skv. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, fela í sér undantekningu frá þessari

meginreglu og því ber að skýra ákvæðið þröngt. Tollfríðindi skv. nefndri grein eru háð ýmsum takmörkunum, m.a. um verðmæti hinnar innfluttu vöru. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt greininni. Í samræmi við það er í 7. gr. áðurnefndrar reglugerðar nr. 630/2008 m.a. kveðið á um að innflytjandi skuli hafa varninginn í eigin vörslu við komu til landsins. Þá er í 1. mgr. 8. gr. sérstaklega tekið fram um að réttindi, sem menn eiga samkvæmt I. kafla reglugerðarinnar, er fjallar um tollfrjálsan farangur, verði ekki framseld.

Ríkistollanefnd fellst á það með Tollstjóra að í umræddu tilviki beri að samtolla vöruna sem sett, og nægir í því sambandi að vísa til lýsingar og framsetningar á upplýsingum á upphaflegum vörureikningi. Til stuðnings þessari niðurstöðu er þess jafnframt að geta að fyrir liggur yfirlýsing kæranda um að hann hafi ætlað að nota umrædda hjólbarða undir nánar tiltekna bifreið. Með vísan til framanritaðs og forsendna Tollstjóra ber að staðfesta úrskurð hans.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og reglugerðar nr. 630/2008 er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 21/2010 staðfestur.